

Innviðasjóður

Úthlutun til nýrra verkefna 2023



Efnisyfirlit

1	Samantekt úthlutunar nýrra styrkja úr Innviðasjóði styrkárið 2023	1
2	Fjöldi umsókna/styrkja og sóttar/veittar upphæðir	2
3	Kynjuð greining forsvarsmanna	3
4	Umsóknir sem hlutu styrk árið 2023	3

1 Samantekt úthlutunar nýrra styrkja úr Innviðasjóði styrkárið 2023

Heildarfjöldi umsókna

Alls bárust 33 gildar umsóknir í Innviðasjóð að þessu sinni og var 13 þeirra styrkt eða um 39% umsókna. Heildarkostnaður vegna innviða sem sótt var um er 1.767.366.732 kr. Sótt var um 75% af þeim kostnaði til sjóðsins, 1.319.454.690 kr., en 531.014.537 kr. voru veittar eða 40% umbeðinnar upphæðar. Meðalupphæð umsókna var 39.983.475 kr. en meðalupphæð styrkja 40.847.272 kr.

Innviðir á vegvísi

Alls bárust 6 umsóknir um styrki til vegvísa og voru allar styrktar. Sótt var um 913.319.563 kr. en 428.375.175 kr. voru veittar eða 47% af umbeðinni upphæð. Hlutfall vegvísastyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 81% af úthlutaðri upphæð.

Tækjakaupastyrkir

Alls bárust 17 umsóknir um styrki til tækjakaupa og voru 3 styrktar eða 18% umsókna. Sótt var um 250.954.095 kr. en 36.218.497 kr. voru veittar eða 14% af umbeðinni upphæð. Hlutfall tækjakaupastyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 3% af úthlutaðri upphæð.

Uppbyggingarstyrkir

Alls bárust 7 umsóknir um uppbyggingarstyrki og voru 2 þeirra styrktar eða 29% umsókna. Sótt var um 138.418.964 kr. en 57.494.020 kr. voru veittar eða 42% af umbeðinni upphæð. Hlutfall uppbyggingarstyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 4% af úthlutaðri upphæð.

Uppfærslu-/viðhaldsstyrki

Alls bárust 2 umsóknir um uppfærslu-/viðhaldsstyrki og var ein þeirra styrkt. Sótt var um 14.594.595 kr. en 6.759.354 kr. voru veittar eða 46% af umbeðinni upphæð. Hlutfall uppfærslu-/viðhaldsstyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 1% af úthlutaðri upphæð.

Aðgengisstyrkir

Alls barst 1 umsókn um aðgengisstyrki og var hún styrkt. Sótt var um 2.167.500 kr. og var það veitt. Hlutfall aðgengisstyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 0.2% af úthlutaðri upphæð.

Kynjaskipting meðal umsækjenda

Af 33 forsvarsmönnum umsókna voru 12 konur (36,4%) og 21 karlar (63,6%). Í þeim 13 verkefnum sem Innviðasjóður styrkti eru í forsvari 4 konur (30,8%) og 9 karlar (69,2%). Árangurshlutfall kvenna er 33,3% en árangurshlutfall karla er 42,9%.

Skýringar með greiningu

Tölurnar sem birtar eru hér að neðan eru dregnar út úr umsóknagagnagrunni Innviðasjóðs. Greiningin er birt með fyrirvara um að þar kunni að leynast villur.

2 Fjöldi umsókna/styrkja og sóttar/veittar upphæðir

Tafla 1. Fjöldi umsókna og styrkja eftir fagsviðum (allar styrktegundir)

Fagsvið	Vegvísir		Tækjakaup		Uppbygging		Uppfærsla/rekstur		Aðgengi		Allar styrktegundir		
	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	%
Félagsvísindi	0	0	1	1	2	1	0	0	0	0	3	2	66,7%
Heilbrigðisvísindi	2	2	3	0	1	0	1	1	0	0	7	3	42,8%
Hugvísindi	1	1	0	0	2	1	0	0	0	0	3	2	66,7%
Verkfræði- og náttúruvísindi	3	3	13	2	2	0	1	0	1	1	20	6	30,0%
Samtals	6	6	17	3	7	2	2	1	1	1	33	13	39,4%

Tafla 2. Sótt og veitt eftir fagsviðum (allar styrktegundir í kr.)

Fagsvið	Vegvísir		Tækjakaup		Uppbygging		Uppfærsla/rekstur		Aðgengi		Allar styrktegundir		
	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	%
Félagsvísindi			2.543.396	2.543.396	60.788.820	45.375.000					63.332.216	47.918.396	75,7%
Heilbrigðisvísindi	566.148.058	209.289.105	38.586.014		23.575.023		6.759.345	6.759.345			635.068.440	216.048.450	34,0%
Hugvísindi	134.201.580	62.071.463			29.121.260	12.119.020					163.322.840	74.190.483	45,4%
Verkfræði- og náttúruvísindi	212.969.898	157.014.607	209.824.685	33.675.101	24.933.861		7.835.250		2.167.500	2.167.500	457.731.194	192.857.208	42,1%
Samtals	913.319.536	428.375.175	250.954.095	36.218.497	138.418.964	57.494.020	14.594.595	6.759.345	2.167.500	2.167.500	1.319.454.690	531.014.537	40,2%

3 Kynjuð greining forsvarsmanna

Tafla 3. Kyn forsvarsmanns eftir fagsviðum

Fagsvið	Karl			Kona		
	Sótt	Veitt	%	Sótt	Veitt	%
Félagsvísindi	0	0	0%	3	2	66,6%
Heilbrigðisvísindi	6	3	50,0%	1	0	0%
Hugvísindi	2	1	50,0%	1	1	100%
Verkfræði- og náttúruvísindi	13	5	38,4%	7	1	14,3%
Samtals	21	9	42,8%	12	4	33,3%

4 Umsóknir sem hlutu styrk árið 2023

Hér má finna [lista yfir styrkt verkefni](#).